# Fundargerð 358. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2013, föstudaginn 24. maí kl. 20:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar á Hótel Hafnia í Færeyjum.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir, Guðný Sverrisdóttir, Már Sveinbjörnsson, Skúli Þórðarson, Steinþór Pétursson og Björn Arnaldsson.

Að auki sátu fundinn Pétur Jóhannesson frá Reykjaneshöfnum og Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Stjórnarfundur hafnasambandsins 2013 - 1301023HA**

   Lögð fram til staðfestingar fundargerð 357. fundar frá 8. maí 2013.

   *Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

2. **Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA**

   Lögð fram að nýju umsögn hafnasambandsins um frumvarp til breytinga á hafnalögum en lögin fóru ekki í gegn á seinasta þingi.

   *Stjórn samþykkir að senda nýjum innanríkisráðherra bréf þar sem óskað er eftir því að frumvarp til breytinga á hafnalögum verði að nýju lagt fram við fyrsta tækifæri og þá helst að teknu tilliti til þeirra tillagna sem fulltrúar hafnasambandsins lögðu fram síðla árs 2012.*

3. **Hafnamál á EFTA fundi í Bergen, 20-21. júní - 1305037HA**

   Lögð fram drög að kynningarefni fyrir EFTA fund sem verður í Bergen 20.-21. júní nk. Á þeim fundi verða hafnamál tekin fyrir. Einnig lögð fram samantekt frá formanni um íslenskar hafnir

   *Til kynningar.*

4. **Háskólinn á Akureyri - styrkbeiðni vegna ráðstefnu 2013 - 1305026HA**

   Lagt fram bréf frá Northern Research Forum, dags. 13. maí 2013, þar sem óskað er eftir styrk vegna ráðstefnu sem haldin verður á Íslandi 22.-23. ágúst 2013.

   *Stjórn Hafnasambands Íslands sér sér ekki fært að verða við beiðni um styrk vegna ráðstefnunnar.*

5. **Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA**

   Lögð fram glærukynning frá Sjávarklasanum.

   *Til kynningar.*

Fundi var slitið kl. 20:30.

Gísli Gíslason

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

Guðný Sverrisdóttir

Már Sveinbjörnsson

Skúli Þórðarson

Steinþór Pétursson

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson